



**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 25. ágúst 2026

USK26080351

## TILLAGA

### ***Tillaga að bættri öryggisgæslu og þjónustu í bílahúsum Bílastæðasjóðs Reykjavíkur***

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki breytingar á fyrirkomulagi öryggisgæslu og þjónustu í bílahúsum Bílastæðasjóðs Reykjavíkur. Breytingin felur í sér að:

- Bílahúsin verði opin allan sólarhringinn, alla daga ársins (24/7).
- Eftirlit, öryggisgæsla og þjónusta verði færð frá starfsstöð Bílastæðasjóðs til starfsstöðvar þjónustuaðila.

Greinargerð: Gert er ráð fyrir að þjónusta, öryggisgæsla og rafrænt eftirlit verði alfarið í höndum þjónustuaðila, sem mun sinna samfelldri vöktun frá eigin starfsstöð. Núverandi fyrirkomulag byggir á blöndu vöktunar Bílastæðasjóðs, þjónustuaðila og vaktferða þjónustuaðila, auk bakvakta. Samningur um öryggisgæslu er kominn á tíma og samkvæmt greiningu er áætlaður kostnaður við óbreytt fyrirkomulag árið 2027 tæplega 75 m.kr. Með nýju fyrirkomulagi er áætlað að kostnaður lækki í um 72,8 m.kr., sem felur í sér sparnað upp á rúmlega 2,2 m.kr., samhliða einfaldari rekstri, aukinni þjónustu og bættri öryggisgæslu.

Fyrirkomulag öryggisgæslu verður á samningstímanum endurskoðað í samstarfi við þjónustuaðila með það að markmiði að þróa verklag, skilgreina þjónustustig og afla nauðsynlegrar reynslu áður en boðin verður út öryggisgæsla og þjónusta bílahúsanna, sem áætlað er árið 2027.

Sólarhringsopnun eykur aðgengi að bílahúsunum og framboð bílastæða á næturnar. Gert er ráð fyrir að notkun íbúa, starfsmanna miðborgarinnar og ferðamanna aukist, auk þess sem breytingin skapar forsendur fyrir frekari þróun áskriftarleiða og markvissari nýtingu húsanna sem nú er einnig unnið að. Með aukinni notkun og betri nýtingu húsanna má vænta jákvæðra rekstraráhrifa til lengri tíma.

Með breytingunni verður eftirlit styrkt, viðbragðstími stytur og símsvörun áreiðanlegri, samhliða bættri yfirsýn og markvissri gagnaöflun úr kerfi þjónustuaðila. Útvistun öryggisgæslu og eftirlits gerir jafnframt kleift að samræma þjónustu hjá einum þjónustuaðila, skýra verkaskiptingu og einfalda rekstur. Þannig er stefnt að hagkvæmari og einfaldari starfsemi, minni tvíverknaði og betri nýtingu fjármuna, ásamt aukinni sérþekkingu og gæðum þjónustunnar. Breytingin styður við hraðari úrlausn tæknimála og stöðugri rekstri bílahúsakerfa ásamt því að vera liður í því að efla öryggi, bæta þjónustu, og tryggja að bílahús borgarinnar séu betur nýtt og aðgengileg allan



**Reykjavík**



sólarhringinn. Hún byggir á greiningu núverandi fyrirkomulags, kostnaðar og þjónustustigs og felur í sér bæði rekstrarlegan og þjónustulegan ávinning.

Virðingarfyllt,  
Matthías Bernhöj Daðason  
*Deildarstjóri Bílastæðasjóðs*



**Reykjavík**